



24. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 4. september 2021 á Helli

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Þór Gestsson (GP), Hallbera Eiríksdóttir (HE) (á fjarfundi), Lárus B. Lárusson (LBL) (á fjarfundi) Gissur Jónsson (GJ), Ómar Bragi Stefánsson (ÓBS) landsfulltrúi UMFÍ og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AlÞ) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Gunnar Gunnarsson (GG), Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK) og Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ.

1. Fundur settur kl. 10:10
2. Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra
 - ÓBS og AlÞ gerðu grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
3. Erindi frá nefndum, fundargerðir lagðar fram til kynningar:
 - 15. og 16. fundargerðir Ungmennaráðs.
 - 38. og 39. fundargerðir framkvæmdastjórnar.
 - Stjórn staðfestir 4. lið 39. fundargerðar framkvæmdastjórnar um starfssamninga við Sigurð Guðmundsson og Ómar Braga Stefánsson.
 - Erindi frá vinnuhópi um rafíþróttir, minnisblað frá Ragnheiði Sigurðardóttur.
 - Stjórn UMFÍ leggur til að Ragnheiður Sigurðardóttir verði fulltrúi UMFÍ í samráðsvettvangi með RÍSí og Samfés. Aðkoma UMFÍ grundvallist á lögum og siðareglum hreyfingarinnar og óskar stjórn eftir því að samráðsvettvangurinn taki tillit til þeirra við fræðslu og stuðning við rafíþróttir/rafleiki.
4. Ungmennabúðir UMFÍ á Laugarvatni
 - ÓBS fór yfir málefni ungmennabúða.
5. Skólabúðir á Reykjum í Hrótafirði
 - Lögð fram undirrituð viljayfirlýsing á milli UMFÍ og Húnaþings vestra, þar sem UMFÍ lýsir áhuga á mögulegri aðkomu að rekstri skólabúðanna á Reykjum. Í yfirlýsingunni felst ósk um frekari upplýsingar um rekstur skólabúðanna, s.s. eignir og búnað. UMFÍ óskar eftir því að þessari vinnu verði lokið eigi síðar en 25. október n.k.
 - Einnig lögð fram bókun frá byggðarráði Húnaþings vestra varðandi afgreiðslu á viljayfirlýsingu UMFÍ um mögulega aðkomu að rekstri skólabúðanna að Reykjum í Hrótafirði.
 - GS, GP og framkvæmdastjóra falið að leiða áframhaldandi vinnu. Samantekt sem GS vann fyrir stjórn verði höfð til hliðsjónar.

6. Undirbúningur fyrir 52. sambandsþing UMFÍ á Húsavík.
 - Unnið að undirbúningi sambandsþing. Farið yfir mögulegar tillögur, dagskrá og önnur tengd mál.
7. Önnur mál
 - Aðalfundur ISCA verður 20. nóvember í Brussel.
 - Framkvæmdastjóra falið að tilkynna þátttöku UMFÍ á fundinum.
8. Stefnt að því að næsti fundur verði haldinn 21. september, í fjarfundi.

SÓJ ritaði fundargerð.
Fundí slitið kl. 16:35